

Matorka ehf.
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Egilsstaðir, 31.5.2023
UST202302-058/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 18. apríl 2023 - Matorka ehf., Hraun (i5)

Þann 18. apríl sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Matorku ehf., Hrauni (i5). Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. „Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun“. Enn eru niðurstöður mælinga bara að skila sér til eftirlitsaðila einu sinni á ári (með ársyfirliti). *Niðurstöður mælinga ársins 2022 og það sem af er 2023, bárust Umhverfisstofnun eins og krafa er um í starfsleyfi og er frávíkinu því lokað.*
2. Krafa er um hreinsun frárennslisvatns. Nú rennur það óhreinsað til sjávar. *Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun mun rekstraraðili hefja hreinsun eigi síðar en 31. desember 2024.*

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu:

1. Gr. 3.10 í starfsleyfi. Áætlun um meðhöndlun úrgangs liggur ekki fyrir. *Áætlun fyrir stöðina barst eftirlitsaðila þann 30. maí sl. og er frávíkinu því lokað.*

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
Sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur